



Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem barn/börn eiga lögheimili.

Barn/börn undir 18 ára aldri sem erindið varðar:	
Fullt nafn samkvæmt Þjóðskrá:	Kennitala:
Fullt nafn samkvæmt Þjóðskrá:	Kennitala:

Foreldri A:		
Fullt nafn samkvæmt Þjóðskrá:	Kennitala:	Netfang:
Heimilisfang:	Póstnúmer og staður:	Sími / Símar:

Foreldri B :		
Fullt nafn samkvæmt Þjóðskrá:	Kennitala:	Netfang:
Heimilisfang:	Póstnúmer og staður:	Sími / Símar:

Samningurinn gildir til 18 ára aldurs barns, nema hann sé tímabundinn til skemmri tíma. **Merkið í viðeigandi reit, hvort á við.** Tímabundinn samningur getur minnst verið til 6 mánaða. Að tímabili loknu skal færa lögheimili barns/barna til fyrra horfs. Tilkynna þarf til Þjóðskrá um flutning lögheimilis barns til fyrra horfs, nægilegt er að það foreldri sem barn á að flytjast til á ný undirriti slíka flutningstilkynningu til Þjóðskrár. Athugið að sá flutningur lögheimilis hjá Þjóðskrá sem hér er samið um miðast við útgáfudagsetningu á staðfestingu sýslumanns:

Við erum sammála um lögheimili barnsins/barnanna í Þjóðskrá Íslands flytjist til: _____

Samningurinn gildir til 18 ára aldurs barns/barna.

Samningurinn er tímabundinn og gildir til: _____ þá flyst lögheimili á ný til: _____

og felst í samningi þessum samþykki okkar fyrir þeim flutningi lögheimilis. Nægir undirskrift þess foreldri sem barn er að flytjast til á ný, á tilkynningu til Þjóðskrá Íslands um þann flutning.

Samkomulag foreldra um meðlag: Meðlagssamning þarf að leggja fram á öðru eyðublaði ef meðlag á að vera hærra en einfalt.

Foreldri A Foreldri B skal greiða hinu foreldrinu einfalt meðlag með hverju barni frá: _____
Samningur um lögheimili er tímabundinn og meðalagsgreiðslur eru tímabundnar til sama tíma.

**Sýslumaður getur boðað foreldra vegna erindisins ef hann telur þörf á.
Einnig geta foreldrar óskað þess að fá viðtal hjá sýslumanni.**

Við óskum eftir viðtali hjá sýslumanni.

Við óskum ekki eftir viðtali vegna erindisins.

Tilfni breytingar á lögheimili:

Nauðsynleg fylgiskjöl:

Vottorð frá Þjóðskrá Íslands um að forsjá foreldra sé sameiginleg.

Skjal sem sýnir núgildandi skipan meðlags.(staðfesting/úrskurður sýslumanns, dómsátt eða dómur).



Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem barn/börn eiga lögheimili.

Yfirlýsing og undirritun foreldra:	
Við undirrituð höfum kynnt okkur vandlega neðangreindar leiðbeiningar. Við förum fram á að samningur okkar um lögheimili og meðlag verði staðfestur af sýslumanni og samningur öðlist þar með gildi.	
Staður og dagsetning:	Undirskrift foreldra A:
Staður og dagsetning:	Undirskrift foreldra B:

Vottar að undirskrift foreldra A: – vottar þurfa að vera eldri en 18 ára-	
Undirskrift:	Kennitala:
Undirskrift:	Kennitala:
Vottar að undirskrift foreldra B: – vottar þurfa að vera eldri en 18 ára-	
Undirskrift:	Kennitala:
Undirskrift:	Kennitala:



Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem barn/börn eiga lögheimili.

Samningur foreldra með sameiginlega forsjá um lögheimili barns.

Eyðublað þetta er fyrir foreldra* með sameiginlega forsjá sem búa ekki saman og eru sammála um að flytja lögheimili barns frá öðru foreldrinu til hins. Í slíkum tilvikum þarf að leita eftir staðfestingu sýslumanns á samningnum svo hann öðlist gildi, sbr. 32. gr. barnalaga nr. 76/2003. Aðra flutninga á lögheimili barns skal tilkynna til Þjóðskrár Íslands, sjá nánar á www.skra.is.

Samningur um lögheimili getur verið tímabundinn, þó ekki til skemmri tíma en 6 mánaða. Að tímabilinu loknu flyst lögheimili til fyrra horfs á ný. Til þess að það gerist þarf að tímabilinu loknu að senda sérstaka flutningstilkynningu til Þjóðskrár Íslands, nægilegt er að sú tilkynning sé undirrituð af foreldrinu sem barn er að flytjast til á ný.

Eyðublað þetta á við þegar foreldrar eru sammála um breytingu lögheimilis. Ef ágreiningur er milli foreldra, getur það foreldri sem óskar eftir breytingu lagt fram beiðni um slíkt hjá sýslumanni, sjá eyðublað fyrir beiðni um breytingu lögheimilis á vef sýslumanna, www.syslumenn.is. Ef ágreiningur er milli foreldra getur sýslumaður boðið þeim sáttameðferð, einnig getur sýslumaður boðið upp á ráðgjöf sérfræðings, sjá 33. gr. og 33. gr. a í barnalögum.

Sýslumaður getur kallað foreldra til viðtals vegna erindis um breytingu lögheimilis. Samningur forsjáforeldra um breytingu lögheimilis öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Staðfesting sýslumanns er send Þjóðskrár Íslands sem breytir skráðu lögheimili barnsins til samræmis. Flutningur lögheimilis hjá Þjóðskrár miðast við dagsetningu á staðfestingu sýslumanns. Hægt er að breyta skipan lögheimilis með nýjum samningi foreldra eða með dómi ef foreldra greinir á um lögheimili.

Samningur um meðlag öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Hægt er að breyta slíkum samningi með nýjum samningi, eða með því að sýslumaður úrskurði um breytingu á honum. Einnig er hægt að gera meðlagskröfu fyrir dómi ef jafnframt er þar til meðferðar krafa um forsjá eða lögheimili. Meðlagsgreiðslur samkvæmt staðfestum samningi um meðlag eru kræfar með fjárnámi, sbr. 66. gr. barnalaga. Um skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til greiðslu til rétthafa meðlags fer samkvæmt 67. gr. barnalaga.

Bent er á að foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta, eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til. Skal afstaða barns hafa meira vægi eftir því sem það eldist og þroskast, sjá 28. gr. og 28. gr. a í barnalögum.

Sýslumaður getur synjað um staðfestingu á samningi um lögheimili og meðlag ef hann þykir andstæður hag og þörfum barns.

Um réttaráhrif þess að barn hafi lögheimili hjá foreldri með sameiginlega forsjá:

Litið er svo á að barn hafi fasta búsetu hjá því foreldri sem það á lögheimili hjá. Barn á rétt til að umgangast með reglubundnum hætti það foreldri sem það býr ekki hjá og bera foreldrarnir sameiginlega þá skyldu að tryggja rétt barns til umgengni.

Skráning lögheimilis hefur margvísleg áhrif á ýmsum réttarsviðum. Sem dæmi má nefna að skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustu innan velferðarkerfisins eru að mestu leyti bundnar við lögheimili eða búsetu í tilteknu sveitarfélagi, t.d. samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um leikskóla og lögum um grunnskóla. Önnur þjónusta miðast einnig við búsetu í tilteknu umdæmi svo sem samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Þá miða lagareglur stundum gagngert við lögheimili, t.d. lagaákvæði um birtingar í lögum um meðferð einkamála og sakamála og reglur barnaverndarlaga um samstarf og samþykki foreldra vegna tiltekinna ráðstafana.

Foreldrið sem barn er með lögheimili hjá, á rétt á að fá meðlag með barninu frá hinu foreldrinu.

Foreldrið sem barn á lögheimili hjá hefur stöðu einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum. Barnabætur vegna barns greiðast framfæranda barns og er við mat á því hver telst framfærandi fyrst og fremst litið til þess hjá hverjum barn er skráð til lögheimilis í árslok hjá Þjóðskrár. Sjá nánar á www.rsk.is

Um ákvarðanatöku foreldra með sameiginlega forsjá er fjallað í 28. gr. a barnalaga en þar segir:

„Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns skulu þeir taka sameiginlega allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barn. Ef foreldrar búa ekki saman hefur það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til þess að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innan lands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómsundastarf. Foreldrar sem fara saman með forsjá barns skulu þó ávallt leitast við að hafa samráð áður en þessum málefnum barns er ráðið til lykta. Ef annað forsjáforeldra barns er hindrað í að sinna forsjáskyldum sínum eru nauðsynlegar ákvarðanir hins um persónulega hagi barns gildar.“

Samþykki beggja foreldra með sameiginlega forsjá þarf til þess að barn fari til útlanda. Hægt er að krefjast úrskurðar sýslumanns vegna ágreinings foreldra um utanlandsferð barns.

Þegar annað foreldra á umgengnisrétt við barn samkvæmt samningi, úrskurði, dómi eða dómsátt, ber hvoru foreldri að tilkynna hinu með minnst sex vikna fyrirvara, ef foreldri hyggst flytja lögheimili sitt og/eða barnsins hvort sem er innan lands eða utan.

* “Foreldrar“ eru hér einnig þeir stjúeforeldrar sem hafa fengið forsjá samkvæmt sérstökum samningi á grundvelli 29. gr. a barnalaga.

Barnalög eru á vef Alþingis www.althingi.is á slóðinni: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html> Vefur sýslumanna: www.syslumenn.is